

**Málefнасamningur um meirihlutasamstarf Jafnaðarmanna í Fjallabyggð (S) og Sjálfstæðisflokksins í Fjallabyggð (D) um stjórnun sveitarfélagsins Fjallabyggðar til loka kjörtímabilsins 2014-2018**

Jafnaðarmenn í Fjallabyggð og Sjálfstæðisflokkurinn í Fjallabyggð hafa ákveðið að stofna til meirihlutasamstarfs. Framboðin eru samstíga í að halda áfram á þeirri góðu braut sem sveitarfélagið hefur verið á. Framboðin leggja áherslu á að treysta innviði sveitarfélagsins svo viðhalda og efla megi grunnþjónustu við íbúa og atvinnulíf og frístunda- og menningarstarf geti áfram blómstrað.

Meirihlutinn hefur komið sér saman um eftirfarandi verkaskiptingu:

Fulltrúi Jafnaðarmanna verður formaður bæjarráðs og fulltrúi Sjálfstæðisflokks verður forseti bæjarstjórnar.

Framboðin skipta með sér formennsku í nefndum sem hér segir:

Jafnaðarmenn í Fjallabyggð:

Hafnarstjórn  
Félagsmálanefnd

Sjálfstæðisflokkurinn í Fjallabyggð:

Fræðslu- og frístundanefnd  
Markaðs- og menningarnefnd  
Skipulags- og umhverfisnefnd

Nefndastarf

Umfjöllun og ákvarðanir sem varða fjárútlát eða fjárhagsskuldbindingar, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun, ber að taka fyrir í bæjarráði áður en fjallað er um málið í nefndum.

Meirihlutaráð

Meirihlutaráð er skipað sex fulltrúum frá Jafnaðarmönnum í Fjallabyggð og sex fulltrúum frá Sjálfstæðisflokknum í Fjallabyggð. Meirihlutaráð kemur saman fyrir bæjarstjórnarfundum.

Gunnar I. Birgisson verður áfram bæjarstjóri Fjallabyggðar.

Satt  
2014

Meirihlutinn leggur áherslu á:

- Að halda áfram ábyrgri fjármálastjórn.
- Að niðurstöðu ytra mats Grunnskóla Fjallabyggðar verði fylgt eftir. Unnið verði markvisst að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda skólans. Stefnt verði að því að framkvæma ytra mat á Leikskóla Fjallabyggðar.
- Að lokið verði við endurskoðun fræðslustefnu Fjallabyggðar.
- Að lokið verði við sameiningu grunnskólastigs í góðu samráði við foreldra og skólayfirvöld þannig að tryggja megi m.a. samvinnu milli grunnskólastigs og framhaldsskólastigs. Forsenda þess er að öryggi varðandi samgöngur verði tryggt.
- Að unnið verði að endurbótum á lóðum leikskóla og grunnskóla í bæjarkjörnunum.
- Að undirbúningur við innleiðingu heilsueflandi samfélags verði hafinn árið 2017.
- Að stutt verði við frístundastarf barna og unglunga og unnið verði að forvarnarstarfi í samstarfi við foreldra, skóla og félög. Lokið verði við endurskoðun frístunda- og forvarnarstefnu Fjallabyggðar.
- Að efla heimaþjónustu við aldraða.
- Að haldið verði áfram með sameiningu íbúða í Skálarhlíð.
- Að stutt verði við blómlegt menningarlíf og áfram verði unnið að endurbótum á Tjarnarborg, menningarhúsi Fjallabyggðar. Lokið verði við endurskoðun menningarstefnu Fjallabyggðar.
- Að haldið verði áfram með fráveituframkvæmdir. Um er að ræða stærsta umhverfismál sveitarfélagssins.
- Að unnið verði áfram að endurbótum og lagfæringum á götum og gangstéttum.
- Að unnið verði áfram að bættri ásýnd bæjarkjarnanna og opin svæði fegruð.
- Að unnið verði að endurbótum og gerð göngustíga í Fjallabyggð.

Guð  
Ólafur

- Að lokið verði við endurskoðun á aðalskipulagi Fjallabyggðar og deiliskipulag miðbæja.
- Að viðhaldi fasteigna Fjallabyggðar sé vel sinnt.
- Að lokið verði við tjaldsvæðin í Fjallabyggð.
- Að lokið verði við endurgerð Hafnarbryggju og auglýstar verði lóðir til úthlutunar á hafnarsvæðinu.
- Úrbætur í samgöngumálum til og frá Fjallabyggð svo og milli bæjarkjarna.

Stjórn Fjallabyggðar, 2. Des. 2016

Stjórn Fjallabyggðar  
Stjórn Fjallabyggðar

